



Leiðbeiningar fyrir liðsstjóra

Markmiðið með þessu skjali er að skilgreina sjálfboðaliðastarf liðsstjóra í öllum aldursflokkum Íshokkideildar SR. Það er von okkar að leiðbeiningarnar nýtist vel og hjálpi öllum þeim sem bjóða sig fram til starfsins að sinna þessu mikilvæga hlutverki innan deildarinnar.

Þau íþróttafélög barna og unglinga sem hafa sterka forystu og þéttriðið stuðningsnet eru venjulega þau sem farnast einna best. Það er ennfremur staðreynd að sjálfboðaliðastörf eru hornsteinn jákvæðra framfara innan íþróttahreyfingarinnar. Svo dæmi sé tekið þá er verðmæti sjálfboðaliðastarfa innan íþróttahreyfingarinnar í Svíþjóð um 15 milljarðar sænskar krónur. Þetta jafngildir því að um 600 000 Svíar sinni sjálfboðaliðastörfum innan íþróttahreyfingarinnar á ári hverju.

Íslenska íþróttahreyfingin er undir sömu sök seld og sú sænska; hún mun ekki lifa af eða þróast nema til komi sjálfboðaliðavinna. Mjög mikill skortur hefur verið undanfarin ár á framboði foreldra í sjálfboðavinnu og er það einlæg von okkar að nú verði breyting á. Margar hendur vinna létt verk. Hlutverk liðsstjóra er afar mikilsvert og vitum við öll hversu miklu skiptir að einhver fullorðinn fylgist með því sem fram fer í búnings- og sturtuklefum, eða að halda utan um hópinn á leikjum og ferðalögum.

Hvert er hlutverk liðsstjóra?

- Liðsstjórinn gegnir því mikilvæga hlutverki að vera tengiliður þjálfara og foreldra. Hann er einnig í stöðugum og góðum tengslum við stjórn deildarinnar.
- Liðsstjóri 4. flokks og iðkenda í yngri flokkum á að vera til staðar í klefum til að aðstoða leikmenn og ásamt þjálfurum á að halda uppi aga og sjá til þess að leikmenn gangi vel um.
- Liðsstjóri merkir við á viðverulista.
- Liðsstjóri aðstoðar leikmenn, í félagi við þjálfara, meðan á æfingu stendur og annast þau mál sem upp kunna að koma (t.d., meiðsli, veikindi).
- Liðsstjóri sér um að upplýsa foreldra og forráðamenn um breytingar á æfingum eða aðrar breytingar sem þjálfarar standa fyrir.
- Liðsstjóri sækir leiki, bæði á heimvelli og utan, aðstoðar þjálfara við undirbúning eins og að taka til leiktreyjur og annan nauðsynlegan búnað.
- Liðsstjóri er ekki þjálfari og hefur ekki bein afskipti af þjálfun leikmanna. Liðsstjóri ætti þó að ræða allar hugmyndir sínar og hugleiðingar við þjálfara og mikilvægt er að samvinna þjálfara og liðsstjóra sé góð.

Góður liðsstjóri – gulli betri!

Við vonumst eftir því að fá að minnsta kosti tvo liðsstjóra í hvern flokk svo við getum verið viss um að einn liðsstjóri sé á hverri æfingu. Það skiptir miklu máli fyrir velferð barnanna að hafa liðsstjóra og það stuðlar að því að við getum byggt upp gott stuðningsnet í íshokkideildinni.

Skráning; ishokki@skautafelag.is

Takið þátt í íþróttaiðkun barna ykkar! Það gerir gæfumuninn!